



Til bæjarráðs og bæjarstjórnar

Kópavogi, 30. apríl 2024
24041149/400.11

TRÚNAÐARMÁL

Efni: Tillaga um niðurlagningu starfs héraðsskjalavarðar og flutningur verkefna til sviðsstjóra stjórnsýslusviðs.

Á fundi bæjarstjórnar þann 25. apríl 2023 var samþykkt að leggja niður Héraðsskjalasafn Kópavogs og fara í samvinnu við Þjóðskjalasafn Íslands um að taka við safnkostinum og skjölum Kópavogsbæjar yrði eftirleiðis skilað til Þjóðskjalasafnsins.

Frá ákvörðun bæjarstjórnar hafa sviðsstjóri stjórnsýslusviðs og bæjarlögmaður átt í viðræðum við Þjóðskjalasafn varðandi flutning safnkosts og flutning verkefna. Þann 1. apríl 2024 fluttust eftirfarandi verkefni til Þjóðskjalasafns: rafræn skil, rafrænn safnkostur, pappírsskil og eftirlit og ráðgjöf. Þau verkefni sem eftir standa hjá héraðsskjalaverði samkvæmt starfslýsingu eru ábyrgð á faglegu starfi, ábyrgð á daglegum rekstri, stórnun, ábyrgð á rekstri gagnvart yfirmanni, starfsmannahald, eftirfylgni með menningarstefnu, sameiginlegir viðburðir menningarhúsa, efling menningarfræðslu, kynningarmál, fræðsla og leiðbeiningar um skjalavörslu, framsetning faglegra krafna á sviðinu, yfirumsjón við gerð skjalavistunaráætlana, gerð tillagna um eyðingu skjala til þjóðskjalavarðar, leita eftir að fá skjöl til varðveislu frá einstaklingum o.fl., gerð afhendingarsamninga, skýrsla um viðbætur í skjalasafn, gerð tillögu að fjárhagsáætlun o.fl.

Í ljósi ákvörðunar bæjarstjórnar um niðurlagningu safnsins og þess að fjöldi verkefna hefur þegar verið fluttur til Þjóðskjalasafns eru aðstæður breyttar og umfang framangreindra verkefna héraðsskjalavarðar ekki hið sama. Ekki er sama þörf á stjórnanda í húsi til að sinna fjárhagsáætlanagerð, rekstrarmálum, starfsmannahaldi, eftirfylgni með menningarstefnu, viðburðahaldi, menningarfræðslu, kynningarmálum, fræðslu o.fl. Nú er fyrst og fremst þörf á að undirbúa safnkost fyrir flutninga og sinna allra brýnustu lögbundnu verkefnum. Því er lagt til að stjórnunarhluti starfs héraðsskjalavarðar flytjist til sviðsstjóra stjórnsýslusviðs og að tvö stöðugildi skjalavarða, tímabundin til eins árs, með möguleika á framlengingu, fari fyrst og fremst í að undirbúa flutninga. Lagt er til að starf héraðsskjalavarðar verði lagt niður og honum boðið starf skjalavarðar, tímabundið til eins árs. Enn fremur að starf skjalavarðar verði lagt niður en viðkomandi boðið sambærilegt tímabundið starf til eins árs. Framlenging ráðningar ræðst svo af framgangi verkefna.

Samkvæmt 50. gr. samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar ræður bæjarstjórn í æðstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu, svo sem yfirmenn sviða og forstöðumenn stofnana og fyrirtækja bæjarfélagsins og veitir þeim lausn frá starfi. Bæjarstjórn Kópavogs tók ákvörðun um ráðningu héraðsskjalavarðar 29. desember 2005 og hann hóf störf 1. janúar 2006. Bæjarstjórn tekur því ákvörðun um starfslok



héraðsskjalavarðar. Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs, í umboði bæjarstjóra, tekur hins vegar ákvörðun um starfslok skjalavarðar og tímabundna ráðningu skjalavarða.

Af öllu framansögðu er því lagt til við bæjarstjórn að starf héraðsskjalavarðar verði lagt niður og ráðningarsamningi héraðsskjalavarðar sagt upp. Ennfremur er lagt til við bæjarstjórn að taka ákvörðun um flutning stjórnunarhluta starfs héraðsskjalavarðar til sviðsstjóra stjórnsýslusviðs, þ.e. ábyrgð á faglegu starfi, ábyrgð á daglegum rekstri, stjórnun, starfsmannahaldi og öðru sem kann að þurfa að sinna vegna lögbundins hlutverks Héraðsskjalasafns. Sviðsstóri stjórnsýslusviðs hafi svo umboð til að ráða skjalaverði áfram til tímabundinna starfa.

Virðingarfyllst,

Pálmi Þór Mátsson
Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs

